



Atvinnulífið á verkefni fyrir alla

Vinnumálastofnun býður upp á sértæka ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir öryrkja og þá sem búa við skerta starfsgetu. Starfsemin er byggð á hugmyndafræði **Supported employment** eða „**atvinnu með stuðningi**“. Helstu markmið þjónustunnar eru að styðja atvinnuleitendur við að komast á almennan vinnumarkað.

● **Að hafa vinnu við hæfi eykur lífsgæði en atvinnuþátttaka þeirra sem búa ekki við fulla starfsgetu eru mun minni en annarra. Um árabíl hefur atvinna með stuðningi notið mikillar velgengni og hafa myndast árangursrík samskipti við ótal fyrirtæki, ríkisstofnanir og sveitarfélög.**

● Starfskynning

Með þeim hætti getur einstaklingurinn kynnt sér starfið og yfirmenn mátað starfsmann við starfið. Engin binding felst í starfskynningu.

● Endurgreiðsla

Atvinnurekandi greiðir starfsmanni á vinnusamningi kjarasamningsbundin laun og fær endurgreitt hlutfall af launum og launatengdum gjöldum samkvæmt gildandi samningi. Endurgreiðsluhlutfallið er 75% fyrstu tvö ár í starfi, hlutfallið lækkar síðan um 10% á ári þar til 25 % lágmarks endurgreiðsluhlutfalli er náð.

● Stuðningur og eftirfylgni

Komi til ráðningar veitir Vinnumálastofnun starfsmanni og vinnuveitanda stuðning, ráðgjöf og eftirfylgd eftir þörfum. Eftirfylgd dvínar eftir því sem færni og öryggi eykst en ráðgjafar eru alltaf til staðar.

● Rafrænt ferli með ráðgjöf

Ráðgjafar sjá um gerð samninga og kynna fyrir atvinnurekendum hvernig endurgreiðsluferlinu er háttað. Ferlið er rafrænt inni á heimasíðu Vinnumálastofnunnar og afar einfalt í sniðum.

● Vinnusamningur

Vinnumálastofnun er umsjónaraðili fyrir vinnusamning öryrkja sem er endurgreiðslusamningur. Markmiðið með samningnum er að auka möguleika atvinnuleitenda með skerta starfsgetu að ráða sig í vinnu á almennum vinnumarkaði. Samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum.

● Útskriftarnemendur

Á hverju ári útskrifast nemendur af starfsbrautum framhaldsskólanna. Lögð er mikil áhersla á að koma þeim hópi í störf að útskrift lokinni og hefur teymi innan deildarinnar sinnt þeim með góðum árangri.

Við hvetjum ykkur til að hafa samband við Vinnumálastofnun ef einhverjar spurningar kunna að vakna og óska eftir að fá að tala við ráðgjafa sem sinnir þessum málaflokk á þínu svæði.

NETFANG

ams@vmst.is

SÍMI

515-4800



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS



VINNUMÁLA
STOFNUN